

Tillaga um breytingar á skáklögum SÍ (úrvalsdeild Íslandsmóts skákfélaga)

1. Í lok d-liðar 12. gr. bætast svohljóðandi ákvæði:

„Einungis ein sveit frá hverju félagi eða svæðasambandi getur átt þátttökurétt í úrvalsdeild hverju sinni. Ef sveit félags eða svæðasambands sem þegar á sæti í úrvalsdeild sigrar í 1. deild skal sú sveit sem hafnaði í öðru sæti í 1. deild hljóta úrvalsdeildarsætið. Að öðru leyti skulu sömu reglur gilda og ef sveit afþakkar sæti í úrvalsdeild.“

Greinargerð

Stofnun úrvalsdeildar Íslandsmóts skákfélaga fól í sér þær breytingar að nú eru einungis sex sveitir í efstu deild og tefld er tvöföld umferð. Bent hefur verið á að það kunni að vera óeðlilegt að sama félag geti átt fleiri en eina af þessum sex sveitum enda líkur á að innbyrðis viðureignir kunni að hafa veruleg áhrif á endanleg úrslit deildarinnar og afdrif viðkomandi sveita þar. Í ýmsum íþróttagreinum er girt fyrir að B-lið félaga geti unnið sér sæti í efstu deildum þar sem keppt er um Íslandsmeistarátitla. Laganefnd leggur til að SÍ geri slíkt hið sama nú.